

# Vefstefna

## Vefstefna Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

(samþykkt á starfsmannafundi 28. 8. 2018)

### 1. Markmið

### 2. Ritstjórnarstefna

### 3. Vefkerfi

#### 1. Markmið

- Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur það markmið að vefnotendur finni flestar þær upplýsingar sem stofnunin veitir á vefsvæði sínu: [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is)
- Með góðu aðgengi að upplýsingum á vefnum getur stofnunin aukið þjónustu við almenning og bætt upplýsingaflæði.
- Markmið með vefstefnunni er að vera eins konar leiðarljós þeim sem vinna efni á vefsvæðið.
- Með samræmdri vefstefnu er leitast við að samræma útlit og vinna að heildrænni umgjörð sem gefur raunsanna mynd af starfsemi stofnunarinnar eins og hún er á hverjum tíma.
- Vefstefnan verður endurskoðuð einu sinni á ári að frumkvæði vefstjóra.
- Ávallt er starfandi vefstjóri. Þegar vef- og kynningarstjóri stofnunarinnar forfallast eða fer í leyfi fela yfirmenn stofnunarinnar öðrum starfsmanni hlutverk vefstjóra tímabundið.

#### 2. Ritstjórnarstefna Texti / efni / gögn

- Vefur Árnastofnunar geymir upplýsingar sem gagnast almennum notendum, starfsfólki, samstarfsaðilum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Lögð er áhersla á vandaða miðlun á rannsóknum stofnunarinnar, fræðasvið hennar, gögnum, þjónustu og fréttum af starfsemi, t.d. með viðburðadagatali.

#### Skipulag

- Uppbygging aðalvefsvæðis Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er með þeim hætti að frá forsiðu er hægt að nálgast upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar.
- Einnig á að vera auðvelt að fara inn á gáttir sem tengjast leitarvélum eins og t.d. Málið.is.
- Notandi á alltaf að hafa góða yfirsýn og eiga auðvelt með að sjá hvar upplýsingar er að finna á vefsvæðinu.
- Leitarvél skal vera einföld í notkun og aðgengileg.
- Á forsiðu aðalvefs er aðeins sett fréttæfni sem tengist stofnuninni í heild sinni eða efni sem vefstjóri telur að eigi erindi inn á forsiðu.
- Efni frá öðrum aðilum sem tengjast fræðasviðum stofnunarinnar er þó hægt að hafa á þar til gerðum stað á forsiðu.
- Gerður er ritstjórnarlegur greinarmunur á fréttum og viðburðum.
- Vefstjóri hvetur starfsmenn til að senda upplýsingar (texta og myndir) um viðburði sem þeir taka þátt í og tengjast starfinu.
- Vefstjóri hefur ákvörðunarvald um allt efni á vef stofnunarinnar og hefur rétt til þess að fjarlægja efni af forsiðu eða öðrum síðum á vefnum.

#### Gæði

- Upplýsingar eiga ævinlega að vera réttar, uppfærðar og samræmdar frá einni síðu til annarrar.
- Gæta skal þess að viðeigandi málsnið sé notað hverju sinni.
- Vefurinn skal ávallt vera aðgengilegur og efni hans birtast óbrenslað í öllum helstu tækjum, stýrikerfum og vöfrum.
- Fjórir til fimm starfsmenn stofnunarinnar hljóta réttindi til að setja efni inn á vefsvæðið að undangenginni kennslu í viðkomandi vefumsjónarkerfi.
- Vefstjóri getur breytt eða lokað aðgangi notanda, til dæmis ef aðgangur hefur ekki verið notaður lengi, ekki hefur verið fylgt viðmiðum um innsetningu efnis eða misnotkun átt sér stað.
- Vefstjóri hefur umsjón með reglulegri athugun á að tenglar séu virkir.
- Starfandi vefstjóri ber ábyrgð á að allt efni á vef sé prófarkalesið fyrir birtingu og að þeirri reglu sé fylgt undantekningarlaust.

#### Ábyrgð

- Vefstjóri og vefnefnd bera ábyrgð á vefstefnu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og að henni sé framfylgt.

- Vefstjóri ber ábyrgð á því að kynna vefstefnu og verklagsreglur. Vefstjóri ber ábyrgð á úthlutun aðgangsréttinda.
- Vefstjóri getur falið einstökum starfsmönnum umsjón með ákveðnum þáttum að höfðu samráði við yfirmenn.
- Sá sem hýsir vefinn ber ábyrgð á rekstri vefmiðlara og gagnagrunna vefsins og tryggir að hann sé stöðugt verndaður með öryggisbúnaði sem nauðsynlegur þykir hverju sinni og er tilgreindur í verklagsreglum.
- Nánar er greint frá lengd samnings í verklagsreglum vefstefnu.

#### Útlit

- Hönnunarlegum forsendum skal fylgt við innsetningu efnis, þ.e. myndbirtingu, leturstærð og gerð, liti o.s.frv. Merki stofnunarinnar er á öllum vefsíðum tengdum henni.

#### Myndefni

- Myndir og myndbönd hæfa því efni sem er á síðunni hverju sinni og er gætt hófs í fjölda þeirra.
- Myndefnið endurspeglir fjölbreytileika stofnunarinnar. Ætíð skal geta höfundarréttar mynda.
- Vefstjóri, í samráði við ljósmyndara stofnunarinnar, hefur leyfi til að skipta út myndum sé þess þörf að hans mati.

#### Samfélagsmiðlar

- Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nýtir samfélagsmiðla (Facebook, Instagram, Twitter) til að eiga í samskiptum við almenning og hollvini hérlendis sem erlendis.
- Vefstjóri stýrir ritstjóraraðgangi að þeim.
- Gæta verður málfars og hafa í heiðri almenna kurteisi og samskiptareglur.
- Vefstjóri getur fjarlægt óviðeigandi efni og lokað á notendur ef þurfa þykir.

#### 3. Vefkerfi

- Vefslóðir skulu vera eins gagnsæjar og auðið er.
- Lén stofnunarinnar er [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is).
- Notast er við vefumsjónarkerfið Drupal.
- Ákvarðanir um uppfærslur eru undantekningarlaust teknar í samráði við vefstjóra.
- Öll lén og undirlén stofnunarinnar skal vera hægt að skrifa með íslenskum stöfum.